

## Nefndarálit með breytingartillögu

### um tillögu til þingsályktunar um mótun heildstæðrar stefnu um afreksfólk í íþróttum.

Frá allsherjar- og menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og bærust umsagnir frá Íþróttá- og Ólympíusambandi Íslands, Knattspyrnusambandi Íslands, UMFÍ og Hrafnhildi Lúthersdóttur.

Tillagan felur í sér að mennta- og menningarmálaráðherra móti heildstæða stefnu um afreksfólk í íþróttum. Samhliða tillögu þessari fjallaði nefndin um tillögu til þingsályktunar um launasjóð íslensks afreksíþróttafólks, sbr. 116. mál á yfirstandandi þingi.

Samhljómur var á meðal umsagnaraðila um mikilvægi þess að styðja afreksfólk í íþróttum. Bent var á að mikilvægt væri að frekari stefnumótun stjórnvalda færi heim og saman við þær áherslur sem íþróttahreyfingin setti fram á Íþróttáþingi ÍSÍ. Jafnframt var bent á íþróttastefnu ríkisins frá maí 2019 sem fæli í sér mikla samvinnu og samráð innan íþróttahreyfingarinnar. Þá var því fagnað hversu mjög stjórnvöld beindu sjónum sínum að íþróttastarfsemi hér á landi um þessar mundir.

Nefndin tekur heilshugar undir framangreind sjónarmið og beinir því jafnframt til ráðuneytisins að horft verði til áður nefndrar þingsályktunartillögu um launasjóð afreksíþróttafólks, sbr. 116. mál, í stefnumótunarvinnunni.

Nefndin leggur til að þingsályktunartillagan verði **samþykkt** með eftirfarandi

#### BREYTINGU:

Í stað dagsetningarinnar „1. júní 2021“ komi: 1. júní 2022.

Silja Dögg Gunnarsdóttir og Þorsteinn Sæmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en skrifa undir álit þetta samkvæmt heimild í 2. mgr. 29. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991.

Alþingi, 12. júní 2021.

Páll Magnússon,  
form.

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, Guðmundur Andri Thorsson.  
frsm.

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir.

Birgir Ármannsson.

Silja Dögg Gunnarsdóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.

Þorsteinn Sæmundsson.

Þórhildur Sunna Ævarsdóttir.